

Fundur Ræktunarstjórnar 16. desember 2013

Fundur haldinn í Síðumúla 20.00 til 22.00

Mættir: Guðbjörg Guðmundsdóttir, Guðmundur A. Guðmundsson, Heiðar Sveinsson, Þórhallur Atlason og Arnar Tryggvason.

- Dagskrá veiðiprófa sumarið 2014: Veiðinefnd hafði komið með tillögu að dagskrá, gerðar breytingar á dagsetningum í samræmi við almanak fyrir 2014. Próf var sett við Fiskilæk að hugmynd veiðinefndarmanna. Nauðsynlegt að skoða prófsvæði með dómara og fá leyfi.
- Búið að fá leyfi fyrir prófi á Snæfellsnesi, nausynlegt að skoða svæði með prófstjóra og sjá hvort hægt er að halda tveggja daga próf. Eins þarf að fara í að tryggja gistingar og þ.h.
- Erfiðlega hefur gengið að fá erlenda veiðiprófsdómara. Þó er búið að fá á annað prófið. Farið yfir valkosti og næstu leikir planaðir í stöðunni.
- Senda þarf veiðiprófsdagskrá á dómara til að sjá hvort niðurröðun gangi upp á dómurum og fulltrúum.
- Deildarsýning: DÍF hætti við að hafa sýningu, því var ekki hægt að samnýta dómara. Búið að finna dómara frá Noregi. Sýningarnefnd óskaði eftir að hafa sýningu á laugardegi í stað sunnudags og var það samþykkt.
- Kostnaðaráætlun fyrir Deildarsýningu samþykkt og verður umsókn send á HRFÍ.
- Kostnaðaráætlun og dagskrá fyrir veiðipróf verður lagt fyrir næsta stjórnarfund HRFÍ.
- Veiðinefnd er með dagskrá fyrir veturinn og verða opnar æfingar 1 og 15 febrúar og 1 og 15 mars. Óformlegt veiðipróf og Vinnueiginleikamat verður síðan haldið 5 apríl.
- Norrænu Retriever deildirnar hafa með sér norrænt samstarf varðandi reglur og fl. Ákveðið var að taka áfram þátt í þessu samstarfi. Þó var ekki talin ástæða fyrir okkur að mæta á fundi erlendis á hverju ári. Hins vegar mikilvægt að fá sem mest af gögnum frá fundum og vera í sambandi við okkar samstarfs félög.
- Prenta þarf ný eyðublöð fyrir veiðipróf.
- Heilbrigðiskröfur fyrir Golden, erlendir hópar mæla með að taka prufu fyrir PRA 2. Taka þarf saman stöðu á þessu máli í öðrum löndum og fara yfir viðmið, eins með aðra sjúkdóma.
- Heiðrun stigahæstu hunda sett á 11 jan ef sú dagsetning gengur.

Fundargerð ritaði HS